

Fundargerð 89. fundar

stjórnar Samtaka orkusveitarfélaga

Árið 2026, föstudaginn 9. janúar kl. 11:00 kom stjórn Samtaka orkusveitarfélaga saman til fundar og fór hann fram í gegnum fjarfundarbúnað.

Fundinn sátu: Ása Valdís Árnadóttir, Guðmundur Haukur Jakobsson, Ísleifur Jónasson, Jónína Brynjólfsdóttir, Knútur Emil Jónasson, Kjartan Benediktsson og Kristinn Andersen.

Að auki sat fundinn Bryndís Gunnlaugsdóttir lögfræðingur, sem ritaði fundargerð.

Fundargerðin var færð í tölvu.

Þetta var tekið fyrir:

1. **Drög að frumvarpi til laga um breytingu á lögum 48-2011, um verndar- og orkunýtingaráætlun - vindorka og verndarflokkur - 2601001SO**

Lögð fram drög að umsögn.

Stjórn samþykkir drög að umsögn og felur starfsmanni samtakanna að skila inn umsögninni og senda út til aðildarsveitarfélaga til kynningar.

2. **Samtök orkusveitarfélaga - auka aðalfundur 2026 - 2601002SO**

Stjórn hefur samþykkt að endurskoða samþykktir samtakanna og stjórnarkjör í samræmi við umræður á aðalfundi.

Umræðu frestað til næsta fundar.

3. **Skattlagning orkuvinnslu - 2509004SO**

Undir þessum lið mættu Grétar Sveinn Theodórsson, samskiptastjóri og Valgerður Rún Benediktsdóttir, yfirlögfræðingur frá Sambandi íslenskra sveitarfélaga til að ræða hagsmunagæslu um væntanlegt frumvarp um skattlagningu orkumannvirkja þar sem skattlagning orkumannvirkja er liður í stefnumótun Sambandsins.

Stjórn felur starfsmanni samtakanna að skipuleggja fundi með öllum þingflokki, innviðaráðherra, fjármálaráðherra og umhverfis-, orku- og loftslagsráðherra í lok janúar.

4. **Fundardagskrá stjórnar - 2509006SO**

Lögð fram tillaga að fundardagskrá stjórnar fram á vor.

Stjórn samþykkir tillögu að fundardagskrá.

Fundi var slitið kl. 12:15

